

Sölufélag garðyrkjumanna ehf
Brúarvogi 2
104 Reykjavík

Akureyri, 9. mars 2023
UST202203-314/H.Ö.J.
07.07.02

Söluskrár 2021 fyrir notendaleyfisskyldar vörur – Málslok

Vísað er til bréfs dags. 25. mars 2022 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2021. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Allir kaupendur ofangreindra vara á árinu 2021 reyndust vera með notendaleyfi í gildi. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla